

Birta varpar ljósi á stöðu kennara



# Efnisyfirlit

Birta.....	5
Sagan af Birtu.....	6
Ferðin hafin.....	9
Viskuturninn.....	11
Skúrinn.....	18
Stefnumótunaraðilar.....	27
Samhengið.....	35
Fólkið hennar Birtu.....	39
Birta kynnir ferðalag sitt.....	43
Sögulok.....	51
Heimildir.....	53



## **Birta**

Sagan af Birtu er ekki skáldskapur, heldur lýsir hún þeim heimi sem ég þekki hvað best og er byggð á vangaveltum mínum um hann fyrr og nú. Sagan af Birtu byggir á fræðum og reynslu án þess að vísað sé beint í hvaðan hvert og eitt kemur. Sagan hjálpar mér við að endurskapa eigin texta og setja fram minn skilning á því sem við mér blasir. Þessi framsetning gerir mér kleift að segja hluti sem ég tel mikilvægt að segja en ætti frekar erfitt með ef ég tengdi lýsingar við einstök atvik sem hafa átt sér stað í raunveruleikanum.

Í litlu samfélagi er erfitt að dulbúa svo vel sé það sem lýst er, nafnabreytingar á fólki duga ekki til. Ég vil ekki að atvik eða samræður við persónur sé hægt að tengja við þær. Enda er ég ekki að fjalla um þeirra persónulegu skoðanir heldur hlutverk þeirra í því samhengi sem ég og þær lifa í. Þess vegna ákvað ég að setja á svið summu nokkurra atvika.

## Sagan af Birtu

Á rúmum 50 árum verður stúlka að manneskju sem er drifin áfram af löngun til að hafa áhrif. Vettvangurinn sem hana langar til að hafa áhrif á skapast af tilviljunarkenndu vali hennar á ævistarfi. Vegna trúar hennar á eigin mátt og megin sem hefur orðið til fyrir tilstilli uppeldis, stöðu í systkinahópi, dvöl í Hvallátrum á Breiðafirði og störfum með metnaðarfullu skólafólki leggur hún frekar völtum fótum af stað í vegferð sem enginn veit hvernig endar. Hún hefur pakkað niður hugmyndum nokkurra fræðimanna og vonast til að hitta fleiri á leiðinni. Hún neitar að taka með sér tilbúið leiðarkort því hana dreymir um að draga það upp á leiðinni og teikna allar þær villur sem á vegi hennar verða inn á það. Úrtöluraddirnar innra með henni hvetja hana til að hætta við allt saman og halda sig heima, eða alla vega fylgja þeim leiðum sem aðrir hafa stikað ef hún þarf endilega að vera að þessum þvælingi. Við skulum kalla hana Birtu því ef vel tekst til varpar hún vonandi ljósi á það sem hér er glímt við.

Alkunn þrjóska stúlkunnar og þörf til að fara eigin leiðir hjálpar henni við að halda sig við ákvörðun sína, en þó ekki fyrr en hún er búin að uppgötva hver viðeigandi ferðabúnaður er. Formæður hennar saumuðu visku sína, hógværð, seiglu og auðmýkt ásamt góðum óskum í bakpokann hennar. Ein flaska af bjartsýni sem sett er saman af hlátrasköllum mömmu hennar og vinakvenna, gaggi hænunnar Brendu og hæfilegum skammti af kæruleysi sem hún fékk í vöggugjöf verður að duga henni alla leiðina. Á miða flöskunnar stendur „ það er alveg að koma sólskin“ skrifað með rithönd afa hennar. Þau orð eru tilvitnun í orð ömmu sem alltaf taldi sólskin á næsta leyti þó dumbungur væri yfir sem duga vonandi sem áminning um að halda ótrauð áfram þó illa gangi inn á milli.

Á síðustu stundu uppgötvaði hún nauðsyn þessa að stinga ofan í bakpokann öllum þeim orðum sem hún hafði skrifað niður eftir að þær áhyggjur sem eru tilurð ferðarinnar fóru að leita á hana. Þau orð gætu auðveldað henni að skilja betur til hvers hún ætlast af sjálfri sér í þessum leiðangri. Kertisstubb og eldfæri fær hún að láni hjá vitrum manni sem vonar að það dragi úr villum hennar í ferðinni um myrkviði hins óþekkta. Áttavitann ber

hún innra með sér, studdan af hvatningarorðum föður um mikilvægi varkárni, vandvirkni og jarðtengingar.

Ástæða ferðarinnar er sú að Birta hefur áhyggjur af sínu fólki, hún er sannfærð um að það þurfi að opna augu þess fyrir því að svo virðist sem eitthvert farg sem dregur úr þeim mátt og heftir för þess á veginum til þroska, hafi lagst yfir það. Birtu dreymir um að komast að því í hverju vandinn liggur og leita leiða til að fólkið hennar finni mátt sína á ný.

Þegar Birta leggur af stað með bakpokann góða, vel festan á bakið er leirbrúna hænna Brenda henni við hlið og óumbeðið lötrar ónefnt spurningarmerki í humátt á eftir þeim án þess að þær taki eftir því.



## Ferðin hafin

„Þú ert nú meiri slóðinn“ sagði spurningamerkið með þjósti. Birta hrökk við og leit reiðilega á það. „Hver bauð þér með?“ „Enginn, ég vissi bara að þú þyrftir á einhverjum með viti að halda“ sagði spurningamerkið og krosslagði hendurnar. Auðvitað vissi Birta að það var skrytið að ana af stað án þess að vera alveg viss um hvað hún væri að fara að gera. „Skoða gildi þín og sýn!“ sagði spurningamerkið snúðugt. „Hver heldurðu að hafi áhuga á þess háttar sjálflægni?“ Hvernig í ósköpunum á það að hjálpa þér við að leysa vini þína undan þeirri áþján sem þú þykist viss um þeir búi við? Hefur einhver beðið þig um að bjarga sér?“

Birta var tvístígandi, það kom nefnilega stundum fyrir að spurningamerkið hafði rétt fyrir sér. Átti hún að láta það draga úr sér allan kjark í þetta sinn eins og svo oft áður? Eða væri kannski kominn tími til að hunsa þennan neikvæða, leiðinlega kvíðasjúkling í eitt skipti fyrir öll?

Þrátt fyrir efasemdir spurningamerkisins sannfærðist Birta smátt og smátt um að það að kynnast sjálfri sér hlyti að vera nauðsynlegur hluti leiðangursins. Enda benti Brenda henni á, af sinni djúpu visku, að til að hún gæti gert það sem samræmdest hennar eigin sannfæringu þyrfti hún að þekkja sjálfa sig vel.

„Það er ekki nóg að reyna að vera það sem maður heldur að maður eigi að vera“ sagði hún og krafsaði spaklega í jörðina með fótunum og hallaði undir flatt „ekki vera stöðugt að reyna að lifa upp í væntingar annarra, vertu hugrökk og treystu eigin innsæi, það skiptir mestu máli“. Spurningamerkið ranghvolfir í sér augunum undir þessari ræðu en yppir svo bara öxlum og dásir, alveg kjaftstopp.

Birta vonaði, að með íhugun og skoðun á því sem hún hafði tekið með sér af eigin orðum tækist henni smátt og smátt að öðlast skilning á eigin hugsunum, tilfinningum og skoðunum og komast þannig að því hvaða verkfæri myndu henta henni í þeim björgunarleiðangri sem hún taldi sig þurfa að fara í. Birta taldi líklegt að næsta skref yrði að leita að verkfærum sem hugsanlega myndu nýtast henni í björgunarstarfinu. Hún hafði heyrt af háreiðum turni sem í væri margt nýtilegt sem nota mætti við að skoða veröldina og auðvelða sér skilning á henni.

Þetta tvennt, skilningur á veröldinni og skilningur á sjálfum sér hlýtur að koma að góðum notum, hugsaði Birta og vonaði að þau myndu ná að viskuturninum fyrir myrkur og hugsanlega fá þar einhver svör.

## Viðskuturninn

Það er orðið áliðið dags. Birta er orðin ansi þreytt bæði vegna stöðugs nöldurs spurningamerkisins og vegna þessa nöldurs er hausinn á henni fullur af vangaveltum um eigin skoðanir og hugmyndir. Hún er ekki viss um að það sem hún telur sig hafa lesið sé endilega hægt að túlka eins og hún gerir. Óttinn við yfirborðsmennskuna nagar hana stöðugt. Hún veit að henni hættir til að vera fljót til að telja sig hafa skilið eitthvað sem er svo mögulega rangtúlkun hennar. Hún er meðvituð um að það sé í lagi þegar skoðanirnar eru til heimabruks en verra ef hún er lögð af stað í mikilvæga vegferð sem byggir svo hugsanlega á misskilningi. Orð spurningamerkisins um það hvort nokkur hafi beðið hana um að hjálpa sér hljóma líka stöðugt í höfðinu á henni.

„Ég sá turninn, ég sá turninn“ gaggar hænana Brenda, en hún hafði farið á undan hinum tveimur yfir leiti sem skyggði á útsýnið framundan og kemur nú hlaupandi til baka með miklum bægsлагangi, fæturna glennta og vængina út frá síðunum eins og frakkalöf. „Hvernig geturðu verið viss um að þetta sé sá rétti?“ spurði efasemdarveran í ferðinni. „Sá rétti, sá rétti það skiptir nú varla neinu höfuðmáli, þetta er turn og við getum örugglega fengið að vera þar í nótt, nú og fengið leiðbeiningar um hvar hinn er ef þetta er ekki sá

sem við leitum að“, sagði Brenda og verpti eggj í óðagotinu sem Birta var ánægð með að geta sopið til að næra sig lítillaga áður en lengra er haldið.

Í ljósaskiptunum koma þau að rammbýggðum, virðulegum og lítið eitt mosavöxnum turni. Um leið og þau banka á dyrnar opnar miðaldra, góðleg kona með gleraugu fyrir þeim og býður þeim inn eftir að þau hafa borið upp erindið.

Konan, sem heitir Uglya segir þeim að í þessum viskuturni séu til margs konar verkfærakassar og þeim sé guðvelkomið að nýta sér einhvern þeirra. Hún byrjar á að sýna Birtu einn kassa sem í er mjög stór sjónauki, blokk og blýantur. „Ef þið notið þennan þurfið þið ekki að fara neitt því sjónaukinn drífur svo langt. Í blokkina skráið þið svo allt sem þið sjáið og vinnið síðan úr þeim upplýsingum eftir vissu kerfi. Þannig fáid þið greinagóða og áreiðanlega mynd af því sem þið skoðið“. „ En þeir sem verið er að skoða, hafa þeir ekkert um þetta að segja?“ spyr Birta. Sem svar við þeirri spurningu dregur Uglya fram annan kassa sem í er upptökutæki í stað sjónauka en blokkinn og blýanturinn eru á sínum stað. Uglya lýsir því hvernig þeir sem veldu þessi verkfæri færu út á meðal fólks og tækju viðtöl við nokkra velvalda einstaklinga til að fá enn fyllri mynd af veröldinni og fleiri sjónarhorn. Birta skildi ekki alveg hvað átti að gera við niðurstöðurnar en Uglya hafði svör við því á reiðum

höndum.

„ Hérna niðri í kjallara eru hillur úttroðnar af skýrslum sem okkar fólk hefur skrifað eftir að það hefur unnið úr gögnunum“. Uglá er mjög upp með sér yfir því að skýrslurnar má lána til þeirra sem þær fjalla um en jafnframt leið yfir því hversu lítinn áhuga þau hafa á að fá þær lánaðar. „ það eru helst þeir sem ætlað er að móta stefnu sem nota okkar niðurstöður til að koma á nýjungum og þróa starf.“ Uglá lækkaði röddina og leit flóttaleg í kringum sig „ það hefur nú laumast að okkur sú hugsun hér að kannski séu þeir sem við höfum skoðað ekki nógu vel upplýstir til að skilja hvernig við getum komið þeim að notum, þau skilja hreinlega ekki það sem sett er fram í skýrslunum. En það má nú ekki segja upphátt, við viljum ekki styggja neinn“ sagði hún, vafði peysunni fastar um mittið og ýtti gleraugunum ofar á nefið. „ En það eru náttúrlega við sem fylgjumst með því nýjasta sem er að gerast og því eðlilegt að við vitum best hvernig á að gera hlutina svo þeir verði í takt við tímann“ bætti hún svo við eftir smá umhugsun, líkt og hún væri að tala við sjálfa sig.

Spurningamerkinu virtist ofboðið með einhverjum hætti eftir þessa ræðu og stillti sér upp fyrir framan Uglu, hvessti á hana augun og spurði hvort þau

ættu engin verkfæri sem hentuðu þeim sem vildu ákveða sjálfir hvað vert væri að skoða og skoða sjálfa sig. Birta fann til léttis og þakkaði spurningarmerkinu í huganum fyrir að hafa hugrekki til að spyrja þessarar spurningar því sjálfri fannst henni sem það sem Uglá lýsti væri hluti af því vandamáli sem hún taldi fólkið sitt standa frammi fyrir. Því væri ekki treyst til að komast að og/eða vita hvað því sjálfu væri fyrir bestu. Uglá sagði að í skúr í bakgarðinum væru nokkrir sérvitringar sem byggju yfir verkfærum sem hentuðu þannig starfi. Um leið og Brenda heyrði orðið sérvitringar vaknaði hún úr því dái sem hún virtist hafa verið í fram að því. „Sérvitringar, segirðu“ gagnaði hún „það hljómar spennandi geturðu fylgt okkur þangað?“

Uglá hafði efasemdir um að það væri rétt af þeim að fara út í skúrinn. „Þið verðið að vita með hverjum þið ætlið að vera í liði, skiljið þið?“ „Það er ekki endilega gáfulegt að stimpla sig inn með þeim sem ekki eru hátt skrifaðir, alla vega ekki ef þið viljið láta taka mark á ykkur“ varaði hún þau við af góðmennsku sinni. En lét þó tilleiðast eftir nokkrar fortölur að fylgja þeim þangað seinna um kvöldið eða morguninn eftir, það færi eftir því hvenær hún hefði tíma.

Ferðalangarnir gengu út í garð og ráfuðu lítið eitt frá turninum til að geta spjallað saman án þess til þeirra heyrðist. „Leiðinda, forræðishyggju, skrifræðispakk“ sagði spurningamerkið reiðilega. Birta var hissa á hvað það var reitt en Brenda samsinnti spurningarmerkinu og þau flissuðu yfir sameiginlegum brandara sem Birta heyrði ekki. Hún var þó að hluta til sammála þeim, en minntist orða gamals listasögukennara sem lagði mikla áherslu á að þá fyrst gæti listamaður leyft sé að teikna „illa“ eftir að hann hefði lært að teikna vel. Hún velti fyrir sér hvort gáfulegt sé að reyna að brjótast undan hefðinni án þess að þekkja hana til hlýtar. Er nóg að hafa nokkurs konar hugboð um að hið hefðbundna henti ekki? Hvaða tryggingu hefur hún fyrir því að óhefðbundna leiðin sé betri. Þar fyrir utan er Birta ekki sannfærð um að hennar góði ásetningur sé endilega betri en ásetningur Uglu og samverkamanna hennar. Kannski er hún sjálf bara enn einn velmeinandi besserwiserinn.

„ þú getur ekki fengið neina tryggingu fyrir neinu!“ sögðu Brenda og spurningamerkið í kór. „ Þetta snýst um hugrekki, að gera en ekki endalaust hugsa og efast“ sagði Brenda „ gefa bara skít í pakkið“ sagði spurningamerkið „þetta er þitt líf og þín vegferð, kemur ekki öðrum við“.

Um þetta körpuðu þau um stund og efi Birtu velktist í huga hennar og dró úr henni mátt. Hún vissi að til að eitthvað yrði úr því sem hún ætlaði sér yrði hún að treysta því að lokum að hafa valið rétta leið fyrir sig. Hún vissi að henni hentaði ekki að sitja og greina viðtöl niður eins og stærðfræðidæmi til að reyna að ná kjarnanum úr þeim. Hún myndi visna upp og deyja ef hún þyrfti að gera það. Hún taldi samt að sú leið hentaði í ýmsum tilvikum og til var fólk sem gat unnið þannig. Eftir nokkrar vangaveltur komst hún að því að líklega sé mikilvægt að vera viss um það í hverju tilviki fyrir sig, að sú aðferð sem valin er henti viðkomandi viðfangsefni.

Birta sannfærðist smátt og smátt um það að hún vildi vinna í návígi við þá sem áttu að vinna störfina og vinna að þróun og breytingum í samstarfi við þá. Hún taldi að ef fólkið hennar fengi ekki tækifæri til að hafa áhrif á störf sín myndi það ekki þroskast eins og hún taldi æskilegt. „Á það ekki að fá að þroskast eins og það telur æskilegt?“ spurði spurningamerkið „ef þú vilt ráða því hvernig það þroskast ertu ekkert betri en aðrir“. Í þessum orðum spurningamerkisins sannast það að oft ratast kjöftugum satt á munn.



Það var orðið aldimmt og þegar þau ætluðu að snúa til baka virtist turninn hafa gufað upp. Svo þau ákváðu að leggjast til hvíldar á grasbala og reyna að sofa þar til birti á ný.

## Skúrinn

Birta vaknar fyrst þremmenningana, settist upp og dáðist að glampanði silfurlækjum sem glittir í á milli trjáanna. Hún kemur auga á Brendu sem sefur á trjágrein með höfuð undir væng. Spurningamerkið hins vegar hefur sett punktinn undir sveigjuna og sefur upp við tré. Birta heyrir fótatak, stendur upp og dustar ef sér lauf og mosa því hún vill líta vel út þegar hún hittir þann sem hún heyrir koma gangandi.

Birta gengur til móts við fótatakið og mætir miðaldra konu í grænum kjól. Kona kveðst heita Lára og þær Birta taka tal saman. Þegar Birta segir henni frá efasemdum sínum um að aðferðirnar sem hún heyrði um í Viskuturni væru endilega réttar segir Lára henni að hún sé ekki sú eina sem dragi þær í efa. Til séu hópar fólks sem dragi allar svona hefðbundnar aðferðir í efa. Telji þær ekki endilega einu réttu aðferðirnar. Þegar Birta segir Láru frá efasemdum sínum um að hún ráði ekki neitt frekar yfir góðum aðferðum segir Lára henni að það sé einnig mjög algengt að þeir sem efist um hinar viðurkenndu aðferðir telji sig ekki endilega hafa þá einu réttu á takteinunum. „Allt er breytingum háð og gagnrýnivert hjá póstmóðernistum“ bætir Lára við. Það sem er gott í dag getur orðið úrelt á morgun. Heimurinn

er ekki steinrunninn fasti. Það er ekki mögulegt í síbreytilegri veröld að velja í eitt skipti fyrir öll einu réttu aðferðina. „Ratar þú í Kimann?“ heyrðist allt í einu í spurningamerkinu sem hafði vaknað og gengið á hljóðið. „Kimann?“ spurði Lára. „Já, skúrinn við hlið Viskuturnsins, við ætluðum þangað í gær en villtumst og sváfum því í skóginum í nótt“ sagði Birta. „Kiminn er ágætt heiti á skúrnum þó ég vilji nú heldur kalla hann Gerjunarsvítuna“ „Nú, afhverju?“ spyr spurningamerkið. „Kiminn er neikvætt hlaðið orð en hitt jákvætt og passar betur við það sem er í gangi í skúrnum að mínu mati. Þau sem stúdera í skúrnum eru ekki endilega einhver kimi. Þau eru að reyna að komast upp úr ævagömlum hjólförum sem getur oft á tíðum verið ansi erfitt. Þeir sem hafa hefðina með sér virka oft trúverðugri en þeir sem vilja fara óhefðbundnar leiðir. Það fer reyndar töluvert eftir því hverjir eru að meta það hvort litið er á þau sem kima eða áhugavert fólk í leit að nýjum leiðum.“ „En, já, ég rata og skal sýna ykkur leiðina“ bætti Lára við.

Þau gengu af stað inn í skógarþykknið og vöktu Brendu um leið og þau gengu undir greinina sem hún svaf í.

Fyrir framan skúrinn var búið að koma fyrir dúklögðu borði og þar sat hópur fólks og borðaði morgunmat. Borðið svignaði undan matarílátum, brauði,

áleggi, ávöxtum og drykkjarföngum. Birta fann að hún var orðin sársvöng og spurði Láru hvort hún héldi að þær gætu fengið að borða hjá fólkinu. Lára taldi að það yrði auðsótt mál.

Á móti þeim gekk gráhærð, grannvaxin brosmild kona sem bauð þau velkomin. Hún sagðist heita Jóna og spurði hvort ekki mætti bjóða þeim eitthvað í svanginn. Birta þáði það með þökkum og Lára einnig en Brenda sagðist ekki vilja neitt nema kannski smá vatnssopa og spurningmerkið sagðist aldrei þurfa að næra sig, nema þá helst andlega.

Birta segir frá tildrögum ferðar sinnar og því hvað hefur drifið á daga þremminganna fram til þessa. „Ég skil hvað það er sem er að trufla ykkur vegna upplýsinganna sem þið fenguð í viskuturninum“ segir Jóna. „ Það stafar líklega af löngun ykkar til að lýðræði sé haft að leiðarljósi þegar vinna á að þróun og breytingum“. Birta er ekki alveg viss um að hún geti skilgreint óþreyju sína gagnvart vinnubrögðum þeirra í turninum með þessum hætti en ákvað að láta á engu bera og halda bara áfram að hlusta. „ Við hér í skúrnum erum öll sammála um það að þegar vinna á að þróun verði að vera fyrir hendi skilningur á því að þeir sem eiga að þróa eða breyta hlutum séu ráðandi afl í þeim breytingum“. „ Já, og ekki bara að nafninu til“ hrópaði einn maður til

þeirra, „fólk verður að kafa undir yfirborðið og þekkja samhengið sem það vinnur í, öðru vísi getur það ekki varist þeim öflum sem reyna stöðugt að þröngva fólki til að vinna eins og eldgamlar hefðir hafa gert ráð fyrir lengi.“ „ Hvað áttu við?“ spyr spurningamerkið „hvaða eldgömlu hefðir?“ Hópurinn við borðið flissaði lítið eitt og einhver kallaði „ hana, þarna trekktu þau Jóa í gang, hann mun halda ykkur uppi á snakki í allan dag“. Jói stóð upp og tók utan um spurningamerkið og hóf spjall við það um leið og þeir gengu lítið eitt afsíðis. Birta heyrði bara orð á stangli þegar þeir gengu framhjá henni, pósitívismi ,19. öld og teknókratar voru einu orðin sem hún greindi almennilega.

Jóna sagði að þau gætu ekki fengið neina tilbúna lausn hjá þeim í skúrnum. Við teljum mikilvægt að fólk finni sér sínar eigin leiðir, því þannig finnur það fremur sína eigin rödd. „Sína eigin leið til að gera hvað?“ spurði Brenda. „ Við göngum út frá því að fólk sé að leita leiða til að betrubæta eitthvað í starfi sínu eða annarsstaðar “ sagði Jóna. „ Til að geta það þarf fólk þó fyrst að vita hvernig það vill gera, síðan skoðar það markvisst hvernig það gerir og setur sér síðan markmið um aðferðir til að brúa bilið milli vilja og veruleika.“ „ Hljómar vel“ sagði Brenda og leit á

Birtu sem var hugsí og spurði svo um það hvað Jónu fyndist líklegt að myndi hugsanlega reka fólk til að tileinka sér svona vinnubrögð.

„ Sjálfsprottnir hópar geta orðið til og svo er auðvitað hægt að bjóða fólk að taka þátt í vinnubrögðum af þessu tagi til að það geti kynnst og tileinkað sér svona rannsóknarvinnubrögð.“ „ En það er grundvallaratriði að skikka fólk ekki til að taka þátt.“

„ Ég held að Birta hafi áhyggjur af því að fólk hennar sé nánast druknað í viskubrunni annarra og sé því orðið ófært um að greina mikilvægi þess að leggja sig fram um að leita eigin leiða. Henni finnst að það bíði bara eftir því að aðrir kasti til þeirra viðeigandi björgunarhringjum“ sagði Brenda og leit aftur á Birtu. „ Það getur verið hættulegt að missa trúna á sitt eigið fólk“ sagði Jóna alvarleg og bætti síðan við með þunga „ virðing og traust til visku fólksins þíns og trú á rétt allra til að tjá sig er algjört grundvallaratriði í því að vinna að valdeflingu í stað þess að ýta undir valdaleysi fólks.“ „ Valdefling“ sagði Birta hugsí „ um það snýst þetta líklega, valdeflingu“. „ En varla á fólk bara að finna upp sín eigin fræði og ekki taka mark á neinu sem sérfræðingarnir sem hafa grandskoðað veröldina hafa haldið fram?“ spurði Birta. „Nei , alls ekki“ segir Jóna „ fólk mátar fræði þeirra við eigin reynslu og hugnast sumt og hafnar öðru. Með tengingu

eigin reynslu við fræði annarra eykur fólk skilning sinn á því hvernig það vinnur og á hverju athafnir þess og nálganir viðfangsefna byggir. Í einhverjum tilvikum uppgötvar fólk að vinnubrögð sem það hefur reynt að tileinka sér eru í mótsögn við þeirra eigin grundvallargildi sem þau hafa kannski ekki veit fyrir sér meðvitað áður.“ „ Þetta líst mér vel á“ gagnar Brenda ánægð með sig. „ Já, mér líka að mörgu leyti“ segir Birta „en þetta virkar samt frekar flókið og fólk þarf að vera námsfúst til að vilja vinna með þessum hætti.“ „ já, vissulega“ segir Jóna „ og ekki bara það heldur líka tilbúið að viðurkenna að athafnir þess hafa áhrif.“ „ já , að valdið er í þínum höndum en ekki annarra“ gaggaði Brenda orðin ansi æst og áköf. „ Þannig það fylgir því töluverð ábyrgð að vinna með þessum hætti og þú getur ekki kennt öðrum um ef miður fer?“ Spyr Birta. „ Hárrétt“ segir Jóna „ Fólk tekur völdin í sínar hendur og viðurkennir fyrir sjálfum sér og öðrum að það sé við stjórnvölinn. Þetta skilar því oft að fólk öðlast virðingu, bæði sjálfsvirðingu en einnig virðingu annarra. Því þegar fólk eignast orðaforða yfir eigin athafnir og getur rökstutt og sýnt fram á hvernig vinnubrögð það notar öðlast fólk vald, vald sem eflir það og styrkir sem fagmenn og sérfræðinga eigin starfa.“

Spurningamerkið kom hlaupandi í átt að morgunverðarborðinu og hrópaði „ það er valdefling sem er málið, valdefling! Og það er gagnrýnin nálgun á það sem fyrir fólk er lagt sem ýtir undir hana, skal ég segja ykkur!“ „ Iss, við erum búnar að komast að því“ sagði Brenda hálfvúl yfir uppveðrun spurningamerkisins sem vanalega var sá fúli í hópnum. „ Já, en Jói sagði að hætt sé við að aðferðir Jónu, Davíðs og hvíthaussins þarna verði yfirteknar af sérfræðingaveldinu sem öllu vill ráða og verði notaðar til að láta fólk halda að það sé þátttakendur í einhverju ferli, en svo er það bara blekking.“ „ Ha?“ sagði Brenda „ hvað meinarðu?“ „ jú, það eru nefnilega stundum dulin hugmyndafræði að baki því sem fólk vill ná fram, það sem virkar vel á yfirborðinu er ekki endilega alltaf einlægt“ sagði spurningamerkið hróðugt. „ Áttu við að fólk sé vísvitandi blekkt?“ spurði Birta. „ Ekki endilega alltaf vísvitandi, en þeir sem vilja ná einhverju fyrirfram ákveðnu fram, og þekkja hugmyndir um mikilvægi þess að þátttakendur öðlist eignarhald á hugmyndum til að vinna betur að því að hrinda þeim í framkvæmd, setja stundum inn í innleiðingarferlið einhverskonar gervipátttöku þeirra sem eiga að vinna verkið. Þannig beita þeir óheiðarlegum brögðum til að vinna sínum málum brautargengi. Þeir eru eiginlega að misnota trúgirni fólks. Margir trúa því



samt að þeir séu að gera vel, skiljiði. Þeir fatta hreinlega ekki hversu óheiðarleg eigin vinnubrögð eru.“ Birtu varð aðeins brugðið við þessa ræðu spurningamerkisins. Hún var ekki frá því að hennar tilgangur hafi kannski verið þessi, að finna verkfæri sem myndi henta til að hennar fólk yrði eins og hún vildi að það yrði. „Það er mikilvægt „ sagði Jóna „ til að sporna gegn þessu að vera trúr þeim gildum sem okkar rannsóknaraðferðir byggja á. Við viljum ekki að fólk sem ekki hefur trú á mætti fólks til að breyta sér og vinnubrögðum sínum sjálfst nýti sér þessar aðferðir til að fá það í gegn sem það telur fólki fyrir bestu.“ „ Úfff, það hlýtur að vera erfitt fyrir stjórnsmátt fólk að lúta þessu“ sagði Brenda og gjóaði augunum á Birtu „ já, og óþolinmóða besservissera“ bætti Birta hugsi við. „ já, það er erfitt en mjög mikilvægt“ bætti Jóna við. „ þetta snýst um að treysta fólki og bera virðingu fyrir þekkingu þess og reynslu. Líta á rétt fólks til að á það sé hlustað sem heilagan og ganga út frá því að fólk sé ábyrgt og vilji skjólstæðingum sínum ætíð það besta.“

„ Mjög mikilvægt, mjög mikilvægt“ gaggaði Brenda. Birta fann að það hafði margt bæst við í sarpinn í þessari heimsókn. Hún hafði lært að það getur verið auðvelt að falla í þá gryfju að vilja hafa vit fyrir fólki og þykjast

vita hvað öðrum er fyrir bestu. Og að mikilvægt væri ef hún vildi vera trú þeim skoðunum sínum að sjálfsákvörðunarréttur hvers og eins sé mikilvægur að falla ekki í þá gryfju að nota stjórnunartækni sem er dulbúin sem lýðræðisleg vinnubrögð. Birtu var ljóst að fólk yrði að geta treyst því að hún sé ekki með neinar duldar áætlanir að baki því sem hún er að gera. Hættulegasta gildran sem hún gæti fallið í væri sú að hún færi að líta á sjálfa sig sem þann sem allt vissi best og þar með leita leiða til að ná því fram sem hún teldi rétt því hún treysti ekki öðrum til að finna út hvað best er að gera í þeirra stöðu.

Nú var kominn tími til að kveðja fólkið í skúrnum og halda ferðinni áfram. Því þrenningin átti enn eftir að hitta mikilvæga stefnumótunaraðila sem hafa töluverð áhrif á umhverfi fólksins hennar Birtu og því nauðsynlegt að komast að því hvort þau væru hugsanlega hluti af því fargi sem Birta taldi liggja yfir fólkinu sínu.

## Stefnumótunaraðilar

Birta fann að það sem hún heyrði við morgunverðarborðið í skúrnum var í samræmi við hennar eigin hugsjónir. Hún fann að það kveikti hjá henni von að vita að til væri hópur fólks sem taldi þátttöku fólksins hennar í rannsóknum mikilvæga leið til valdeflingar þeirra. Göfugar hugsjónir um lýðræði höfðu ekki endilega verið henni ofarlega í huga fram til þessa. En hún taldi ekki ósennilegt að leifar af hugmyndum frá hennar gamla vinnustað gerðu það að verkum að henni hugnast svona afgerandi viðhorf um sjálfsákvörðunarrétt fólks í eigin lífi.

Þegar þau nálguðust áfangastað sá Birta þrjár mannverur sitja við borð. Hún gekk til þeirra. Þau litu upp, brostu og buðu hana velkomna til sín. Hún kynnti sig og komst að því að þetta voru einmitt stefnumótunaraðilarnir sem hún ætlaði að hitta næst, sérfræðingar sem unnu á ýmsum skrifstofum sem ætlað var að setja stefnu og halda utan um og fylgjast með að þeirri stefnu væri fylgt. Þau höfðu heyrt af áhyggjum Birtu af fólkinu sínu og löngun hennar til að grípa til aðgerða og virtust ánægð með að sjá hana. „Við vorum einmitt að vonast eftir þér“ sagði eitt þeirra, „já, við erum einmitt að glíma við

svipaða hluti og þú og okkur veitir ekki af nýjum liðsmönnum“ bætti annað við. „Þetta er eilíf glíma fólk virðist bara endalaust vera tregt í taumi“ sagði sú yngsta og brosti breitt. „Segðu okkur nú frá því hvernig þú sérð þetta fyrir þér“ sagði einn sérfræðinganna.

Birtu vafðist tunga um tönn, var ekki alveg viss um að hún gæti svarað þessu svo aðrir skildu. Hún vissi að hún væri oft ruglingsleg og kannski ekki alveg rökrétt. Það hvernig hún skildi og sá hlutina var sjaldnast jafn augljóst fyrir öðrum.

Brenda leit á hana, hallaðu undir flatt og reyndi auðsjáanlega að senda henni hvetjandi augnaráð. Spurningamerkið hnyklaði hins vegar brýrnar og starði á hana eins og það vildi þröngva út úr henni einhverri stórkostlegri speki með augnaráðinu einu saman.

„Markmið mitt í þessari ferð er að leita leiða sem duga til að frelsa fólk mitt undan oki sem mér finnst hvíla á herðum þess. Á þessum tímapunkti tel ég mig hafa komist að því að það sé mikilvægt að fólk mitt fái tækifæri til að taka meiri þátt í því að móta það sem til er ætlast af því“ sagði Birta hikandi. „Mér sýnist sú leið að myndaðir verði litlir hópar fólks sem rannsakar eigin störf geti hugsanlega veitt fólkinu mínu meiri völd og aukið

svigrúm í störfum sínu“ bætti hún við eilítið öruggari með sig. Yngsta manneskjan við borðið sagði áköf „ Afhverju viltu fara þá leið til að ná markmiði þínu?“

„Ég trúi á sjálfsákvörðunarrétt hvers og eins“ sagði Birta hikandi. „ og ég tel mig hafa lært það að til að fólk læri að hugsa sjálfstætt sé mikilvægt fyrir það að fá að finna upp sínar eigin leiðir að þeim markmiðum sem það ætlar sér að ná.“ „Það á sér stað meiri hugsun hjá fólki þegar það finnur sér sínar eigin leiðir, það verður ábyrgara og sjálfstæðara heldur en ef því er ætlað fylgja ítarlegum leiðbeiningum annarra um verklag“ „Vegna þessarar sannfæringar minnar er t.d. mikilvægt fyrir mig að efla sjálfstæði mitt með því að finna mér þá leið sem mér hentar til að skoða hvað er í gangi hjá fólkinu mínu.“ „ Með þeirri ákvörðun minni stend ég og fell og get ekki kennt öðrum um ef mér mistekst.“ „ Þannig læri ég að vera ábyrg“. „ Kæfandi rammar frá öðrum drepa niður sjálfstæða hugsun hjá fólki og fólk hættir að bera ábyrgð á eigin gjörðum, þar sem það er bara að fara eftir forskrift annarra“ sagði Birta hratt og fremur flausturslega því hún gat ekki betur séð en a.m.k. eitt þeirra þriggja væri alveg dottið út og löngu hætt að hlusta. En Birta sá útundan sér að Brenda lyfti hægri vængnum upp til að sýna að henni

fannst Birta standa sig vel. En svo virtist sem spurningamerkið biði eftir frekari skýringum þó eilítið hafi dregið úr yglibrúninni.

„Áttu þá við að enginn eigi nokkru sinni að segja öðrum hvað þeir eigi að gera?“ spurði sú yngsta. „Reynslan sýnir nú að fólki er varla treystandi og það biður stöðugt um betri leiðbeiningar“ sagði sá sem virtist alveg dottin út. „Það verða líka að vera til einhver viðmið svo fólk viti til hvers er ætlast af því, annað skapar bara öryggisleysi og kaos. Og að auki getum við ekki metið hver er að standa sig og hver ekki án þeirra“ bætti sú þriðja við. „Hvaðan ætli þörfin fyrir þessi endalaus viðmið sé þá sprottin?“ nánast hvæst Brenda. „Hvort ætli komi á undan, eggjð eða hænán?“ „Já, ég sagði hænán“ sagði Brenda þegar hún tók eftir því að þremmingarnir urðu heldur kindalegir undir orðum hennar. Birta var sammála Brendu, sannfærð um að það væri tilraunarinnar virði, í það minnsta að draga úr stýringu og fela fólki aukin völd á eigin lífi og starfi. Birta vissi líka að vegna þess að hún sjálf óttaðist ekki kaos var auðvelt fyrir hana að líta þannig á að auðvelt væri að taka kaosinni sem tækifæri til sköpunar. Hún vissi að til var fólk sem þótti fátt mikilvægara en röð og regla. Það hvarflaði að Birtu að það fólk væri hugsanlega valdameira á einhvern hátt og lífsvenjur þeirra sem

hefðu það markmið að koma böndum yfir kaosina væru taldar merkilegri en lífsvenjur þeirra sem fagna kaosinni. „Þetta er angi af því sem hann Jói í skúrnum sagði. Ykkar hugmyndir eru gamaldags og drepa niður sköpunargleði og fagmennsku fólks og þið vitið ekki einu sinni af því“ sagði spurningamerkið og steig fram og bætti því við að það væri skelfilegt að heyra vantraustið vella af vörum þeirra þriggja. „Upp úr öryggisleysi og kaos spretta hugsanlega fram lausnir þeirra er málið varðar“ „fólki sem er treyst til að leysa sín mál á sinn hátt eflist og lærir að það getur sjálft leitað lausna og þarf ekki að bíða eftir að utanaðkomandi grípi til aðgerða.“ „Já og með þeim hætti styrkist fólk“ bætti Birta við. „Ef markmiðið er hins vegar að koma í veg fyrir að fólk læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir þá er um að gera að þrengja utan um það stakkinn sem mest“ „þá er hins vegar óréttlátt gagnvart því fólki, sem sýnir bara eðlileg viðbrögð við því hvernig komið er fram við það, að kvarta yfir ábyrgðaleysi þess og ósjálfstæði“ bætti hún svo við full af eldmóði. „Ég heyri að þú ert hugsjónarmanneskja“ sagði einn stefnumótunaraðilinn góðlega. „Það getum við ekki leyft okkur, við erum að glíma við raunverulega hluti hér, ekki bara fallegar hugmyndir. Hlutirnir verða að ganga og ekki er hægt að gera einhverjar tilraunir með að hleypa öllu lausu í von um að allt reddist.“ „Við styðumst við niðurstöður

rannsókna fólksins í viskuturninum og þannig reynum við að framfylgja nýjustu og bestu hugmyndum sem hugsast getur.“ „Því miður eru bara sumir ansi tregir í taumi og virðist erfitt fyrir þá að skilja til hvers er ætlast. Við höfum því í samráði við sérfræðingana í viskuturni lagt til að sett verði á fót námskeið í lestri og túlkun rannsóknargagna og bindum miklar vonir við árangur af þeirri vinnu.“ „Þessir hlutir hafa verið stúderaðir árum saman og fólk verður að læra að fylgja því sem sérfræðingarnir komast að.“ „Það geta nú ekki allir orðið sérfræðingar í öllu“ sögðu þau í kór og brostu hvert til annars. „Best að hver passi sitt.“

Birta heyrði að þremmingarnir náðu alls ekki því sem hún og félagar hennar voru að reyna að koma á framfæri. Hún var ekki viss um að þau skildu að í hennar huga væri það alveg kýrskýrt að tiltekinni ákvörðun fylgir tiltekin afleiðing. Fólk sem ekki þarf að nota heilann slævist smátt og smátt og fólk sem ekki er treyst til að bera ábyrg á lífi sínu verður ábyrgðarlaust.

Birtu fannst hún skynja í andlitum sérfræðinganna vissa vorkunnsemi. Hún kvaddi og heyrði þegar hún gekk á braut að sú sem minnst hafði tjáð sig fór að segja hinum tveimur frá frábærri aðferð sem hún hefði heyrt af og væri örugglega gott fyrir kennara að læra hana. Aðferðin hefði bætt



Landfræðikunnáttu í einu þorpi verulega og til væru mjög ítarlegar leiðbeiningar um hvernig best væri að tileinka sér þetta efni.

Birtu fannst hún vera að berjast við vindmyllur en Brenda benti henni á að þremmingarnir væru ekki betur settir en hún þó þeir hefðu kannski meiri trú á aðferðum sínum. „þau ná litlum sem engum árangri, í stað þess að gagnrýna eigin vinnuaðferðir kenna þau skjólstæðingum sínum um hversu illa gengur“ sagði Brenda ákveðin. „það er ekki stórmannlegt“.

„Mér finnst einhvernveginn eins og mitt sjónarmið virki alveg ferlega naívt“ sagði Birta.

„þau eru í raun bæði naív“ sagði spurningarmerkið „annað bara viðurkenndara en hitt“. Birta leit reiðilega á spurningamerkið „ hvað áttu við?“ „ æ, bara það að halda að einhver ein rannsóknaraðferð henti til að breyta viðhorfum stórs hóps af fólki en jafn banalt og það að halda að hægt sé að finna einu réttu aðferðina til að allir verði jafn góðir í einhverju“. „ Ég er ekki að leggja til að allir noti sömu aðferðina til að valdeflast“ sagði Birta sárreið yfir því að hafa ekki einu sinni tekist að gera sig skiljanlega fyrir nánnum samferðamanni sínum. „Við vitum það“ sagði Brenda „en það virkar samt kannski soldið þannig að þér finnist að þú hafir höndlað einhvern sannleika

þarna í skúrnum.“ „Já“ sagði spurningamerkið vingjarnlega „þú þarft að tóna þig aðeins niður og setta þig við að þú ein og sér munt ekki hafa gríðarleg áhrif á að skapa viðhorfsbreytingu hjá stórum hópi fólks. Ég held að það sé sá hluti sem er hvað naívastur hjá þér.“

Birta dró sig í hlé og hugsaði sitt. Hún var orðin enn sannfærðari en áður um að sú tilfinning sem hún hefur fyrir auknu áhrifaleyssi síns fólks væri á rökum reist og hún taldi sig sjá hluta ástæðnanna. Það eru of margir sem vilja segja öðrum fyrir verkum. Svigrúm til sjálfstæðra hugsana og ákvarðana er að hverfa. Traust fer þverrandi og þeir sem ættu að vinna með fólkinu hennar virðast vera farnir að líta niður á það.

Þau héldu göngu sinni áfram á leið sinni að þorpinu sem fólkið hennar Birtu bjó í.

## Samhengið

Eftir töluvert langa göngu settust Birta, Brenda og spurningamerkið í flæðarmálið á litlu vatni til að gæða sér á nokkrum safaríkum og orkumiklum gullkornum sem Birta fann inn á milli orðanna í bakpokanum sínum.

Eftir fyrstu bitana og sopa úr bjartsýnisflöskunni fannst Birtu sem hugur hennar yrði skýrari og neikvæðar hugsanir hörfuðu til baka. Hún taldi sig sjá betur hvernig hlutirnir héngu saman. Það sem ákveðið er á einum stað hefur áhrif á öðrum án þess endilega að fólk geri sér grein fyrir því hver áhrifin eru eða hvaðan þau koma upphaflega. Hver og einn er innilokaður í sínum einkaheimi og lætur hjá líða að ganga upp á bæjarhólinn af og til og horfa yfir sviðið, eða hætta sér enn lengra og hitta fólk utan þessa einkaheims og heyra hvað aðrir hafa fram að færa. Hún var líka farin að skilja að þetta snerist að einhverju leyti um vald, vald yfir þekkingu á fagi fólksins hennar. Sérfræðingum í krafti menntunar sinnar virtist hafa tekist að gera fólk óöruggt með stöðu sína. Þeir sem leggja höfuðáherslu á að rannsaka veröldina virðast telja mikilvægast að kenna öðrum að lesa úr og nýta sér þá vitneskju sem þeir afla með rannsóknum sínum. Þeir trúa því að hugsanlega megi með þeim hætti koma á umbótum sem þeir telja að séu mikilvægar. Það

mikilvægi miða þeir við niðurstöður sinna eigin rannsókna. Viðfangsefni þeirra rannsókna taka oftast en ekki mið af áhugasviði þeirra sjálfra, alveg burtséð frá því hvað þeim sem rannsakaðir eru, finnst mikilvægt. Rannsakendurnir gleyma því, líkt og stefnumótunaraðilarnir, að fólkið sem á að framfylgja nýjungunum og stefnunni þarf að sjá tilgang og mikilvægi þess sem ætlast er til af því. Stefnumótunaraðilarnir leita ljósum lögum að góðum aðferðum sem leiða til þess að árangur náist.

Birta þóttist sjá að þörf sumra til að segja öðrum fyrir verkum, ýmist með nákvæmum leiðbeiningum eða niðurstöðum rannsókna, gæti verið hluti af stórum valdastrúktúr sem erfitt væri fyrir einn einstakling að berjast gegn. Stefnumótunaraðilar ráða til sín fólk sem hefur oftast en ekki aflað sér góðrar menntunar. Sú menntun gefur þeim visst forskot og valdahlutföll verða því ójöfn. Hætt er við að sá sem finnur til vanmáttar belgi sig út til að gera sinn einkaheim jafn merkilegan, eða jafnvel merkilegri en heim þess sem hefur forskot vegna menntunar sinnar og stöðu. Birta þekkir mjög vel dæmi þessa úr reynsluheimi sínum. Fólkið hennar gerir oft lítið úr hugmyndum fólksins í viskuturninum og umræða stefnumótunaraðilanna og annarra

sérfræðinga um ósjálfstæði og fórnarlambsviðbrögð fólkskins hennar hefur oft verið hávær þar sem Birta hefur verið stödd.

„Fólk þarf að tala meira saman held ég“ sagði Birta við Brendu sem lá hálfsofandi við hlið hennar. „Það er of sjálfsupptekið og hlustar ekki eftir röddum þeirra sem það telur sig vera að aðstoða eða vinna fyrir“. „Það þarf að byggja brýr á milli hópa“ sagði spurningamerkið „ég held að það sé mikilvægast í þessu“. „Já, og svo þarf fólk að vinna í því að styrkja sig sjálft til að hafa hugrekki til að takast á um ólík sjónarmið“ bætti Brenda við.

„Það þurfa ekki allir að vera sammála“.

„Ætli næsta skref sé ekki að hitta mitt eigið fólk til að heyra hvernig það sér þessa hluti“ sagði Birta og spurningamerkið gat ekki á sér setið og bætti við „og reyna kannski að komast að því hvort það telji sig nokkuð þurfa á björgun að halda.“ „Það hefði nú verið tímabært fyrir löngu“ sagði Brenda hálfásakandi í röddinni.

Það hafði oft hvarflað að Birtu að líklega lægi hluti vandans að einhverju leyti hjá hennar eigin fólki. En henni fannst núna að hún hafði verið ósanngjörn í dómum sínum gagnvart þeim á fyrri tíð. Það sem af er

ferðalagsins fannst henni hún geta greint að þau öfl, sem eru að draga máttinn úr fólkinu hennar, eru svo sterk að viðbrögð fólksins hennar eru nánast óumflýjanleg. „Líklega eru þau sjálf samt þau einu sem geta breytt einhverju fyrir sig“ sagði Birta upphátt við sjálfa sig án þess að taka eftir því. „Hver?“ spurði spurningamerkið. „Nú fólkíð mitt“ sagði Birta, „alla vega verða þau að taka þátt í nauðsynlegum breytingum.“ „Ætli þau þurfi ekki fyrst að horfast í augu við að breytinga sé þörf“ sagði Brenda svolítið áhyggjufull á svipinn. „Og það er sko alls ekki víst að þau geri það“ bætti spurningamerkið við, hugsandi rómi. Með það pökkuðu þau föggum sínum saman og gengu áfram í átt að þorpinu sem fólkíð hennar Birtu bjó í.

## Fólkið hennar Birtu

Þegar þau nálguðust heimkynni fólksins hennar Birtu fann hún að hún var aðeins farin að kvíða því hvernig hún ætti að koma orðum að því sem hún þurfti að spyrja um til að finna út hvort áhyggjur hennar séu byggðar á rökum. Kannski væri hún ein um þessar skoðanir sínar, og kannski eru áhyggjur hennar byggðar á tómun misstilningi. Það væri soldið skrýtið að komast að því að fargið sem henni fannst hún skynja væri kannski ósýnilegt fyrir öllum öðrum en henni. Hún vildi ekki þrengja að fólki, bara spyrja spurninga sem vektu fólk til umhugsunar og fengi það til að velta hlutskipti sínu fyrir sér. Uppeldi Birtu gerir það að verkum hún vill ekki móðga neinn eða stilla upp við vegg. Hún ætlar ekki að þvinga neinn til að horfast í augu við það vandamál sem hún telur sig sjá. Ef það er hulið öllum öðrum þá ætlar hún að hætta að hafa áhyggjur af því.

Birta gekk fyrst inn á lítið kaffihús og tók tvær konur tali og spurði þær út í líðan sína. Jú, jú þeim leið vel. Könnuðust ekki við að neitt þrengdi að þeim svo sem. „ja, tímaleysi hrjáir okkur reyndar“ „við komumst aldrei yfir allt sem okkur er ætlað að gera“ viðurkenndi önnur þeirra. „við erum með svo margt á okkar könnu sem er mikilvægt og svo eru allskonar nýjar kröfur í

gangi víðsvegar að sem erfitt er að koma til móts við“ „ það er ekki borin virðing fyrir störfum okkar heldur“ bætti hin við.

„ hvað eigið þið við með því ?“ greip spurningamerkið fram í fyrir þeim. „ ja, jú það er kannski borin virðing fyrir þeim“ sagði önnur þeirra dræmt „en einhvern vegin er samt stundum eins og fólk trúir ekki á að við séum að gera neitt af viti“. „ Finnst ykkur það íþyngjandi?“ spurði Birta. Þær litu hvor á aðra, svo á spurningamerkið sem reyndi að gera sig góðlegt á svipinn, en ypptu svo öxlum og sögðu nánast í kór „kannski ekki beint íþyngjandi“ „ en væri þægilegra að finna fyrir virðingu samt“. „ Hver ætti að skapa ykkur þá virðingu?“ spurði Brenda nánast frekjulega. „ Skapa hana?“ Spurði önnur þeirra skilningslaus í framan

„ við viljum að okkur sé sýnd virðing“ bætti hin við. „ Já, við vorum ekki að tala um að skapa neitt“ sagði hin og horfði vorkunnaraugum á Brendu.

Spurningamerkið þurrkaði af sér góðmennskusvipinn og sagði „ finnst ykkur ekki að þið þurfið að skapa ykkur þá virðingu sem þið viljið að ykkur sé sýnd?“ Birta varð hálfvandráðaleg yfir aðgangshörku félaga sinna og sá að konurnar reiddust nokkuð við orð þeirra. „ Þau meina að það sé ekki sjálfgefið að manni sé sýnd virðing, maður þurfi hugsanlega að vinna sér inn fyrir henni á einhvern hátt“ sagði hún til að reyna að útskýra hvað vinir



hennar meintu. Önnur konan stóð upp , setti hendur á mjaðmir og sagði mynduglega „ það er þetta viðhorf sem er það versta, stöðugt vantraust endalaust, ég vil að borin sé virðing fyrir mér. Ég á ekkert að þurfa að skapa neitt svo virðing verði borin fyrir mér.“ „Af hverju finnst þér það?“ spurði Brenda. „Já, hvað hefur þú fram að færa sem gerir það að verkum að þú getur ætlast til að borin sé virðing fyrir þér?“ sagði spurningamerkið ákveðið. Konurnar litu hvor á aðra og sú sem hafði orðið síðast sagði: „ég þarf ekki að standa skil á því hér!“

Birta hafði fikrað sig nær dyrunum á meðan á þessu stóð og rétti nú upp hendina til að kveðja konurnar sem litu ekki einu sinni í áttina til hennar og litu út fyrir að vera fullar af réttlátri reiði. Þegar út var komið fann Birta hjartað berjast í brjósti sínu og löngun til að hitta næsta hóp var horfin. Spurningamerkið og Brenda rifust heiftarlega fyrir aftan hana og hún heyrði að spurningamerkið var mjög hneykslað á viðbrögðum kvennanna en Brenda reyndi að setja sig í þeirra spor og reyna að skilja afstöðu þeirra. „ Á þá bara að pakka þessu liði inn í bómull og leyfa því að hanga á sinni kolröngu heimsmynd?“ „ Nei, ég er ekki að segja það en við verðum samt að reyna að setja okkur í þeirra spor og skilja hvað þau eru að glíma við.“ „Glíma“

hrópaði spurningamerkið „ þú heyrðir nú að þær þóttust ekki þurfa að glíma við neitt, allt í góðu bara, sögðu þær fyrst. En þegar þær fóru svo að barma sér yfir tímaskorti og og virðingaleysi þá missti ég mig bara, ég verð að viðurkenna það. Þoli ekki svona væl. Uhu allt öðrum að kenna, ég get engu breytt, uhuhu.“ Brenda hristi höfuðið en ekki var þó alveg laust við að örlaði á brosi yfir leikrænum tilþrifum spurningamerkisins.

Þau nálgudust stóra byggingu í þorpínu og þar stóð til að halda fund með stærri hópi en þessum á kaffihúsinu.

## **Birta kynnir ferðalag sitt**

Þegar Birta stóð loks frammi fyrir stórum hópi fólksins síns fann hún að hjartað barðist í brjósti sínu. Hún vissi að það væri töluverð hættu á að hún myndi móðga einhverja og að fólkið hennar myndi hreinlega útskúfa henni um aldur og ævi vegna orða hennar. Hún var samt ákveðin í að reyna að vera eins heiðarleg og henni var unnt og lýsa fyrir þeim raunveruleikanum sem við henni blasti. Hún minntist orða Jónu um það að mikilvægt væri að hún treysti fólkinu sínu. Annars væri hún komin í lið með þeim, sem hugsanlega að hluta til vegna vantrausts, eru endalaust að ráðskast með fólkið hennar.

Birta horfði yfir salinn ræskti, tók á sigg rögg og hóf mál sitt. „Eins og sum ykkar vita hóf ég ferð mína til að reyna að komast að því hvað veldur þeirri tilfinningu minni, að það sé verið að draga úr ykkur máttinn með einhverjum hætti. Ég upplifi það að þessi orkusuga geri það að verkum að þið eruð að verða að valdalausum leiksoppum, afla sem þið þekkið ekki einu sinni og getið því ekki varist. Þegar þið reynið að mótmæla því sem yfir ykkur gengur hljómar rödd ykkar eins og hvert annað nagg, valdalaus rödd sem enginn hlustar á af alvöru.“ Í þeim töluðum orðum stóð óþreyjufullur framámaður fólksins hennar Birtu upp og greip framm í fyrir henni. „Ég hef nú sjaldan

heyrt aðrar eins svívirðingar í okkar garð frá nokkurri manneskju. Við erum harðduglegt fólk sem stendur saman þegar á reynir og það er alls ekki rétt að á okkur sé ekki hlustað. Við eigum fulltrúa í ýmsum stefnumótunarnefndum og fáum mjög oft að gefa okkar álit. “ Birta missti aðeins þráðinn en tókst að svara án þess að verða æst og reið. „ Ég er ekki að efast um að þetta sé allt rétt sem þú segir en ég held samt að valdahlutföllin séu ekki eðlileg“. „ Ég skil ekki alveg hvað þú ert að ásaka okkur um“ sagði ung kona. „ Ég er ekki að ásaka ykkur um neitt. Ég er bara að lýsa fyrir ykkur því sem mér fannst áður en ég lagði af stað í leiðangurinn og að hluta til því sem ég hef komist að í ferðalaginu“ sagði Birta . „ Og það er sem sagt ekki okkur að kenna?“ Bætti unga konan við með létti í röddinni. „Nei“ sagði Birta og hélt svo áfram „ en það er fólk að kynna sér störf ykkar án þess að þið séu höfð með í ráðum. Það er til fólk sem lítur þannig á að það sé best til þess fallið að rannsaka allt um ykkar störf og lítur jafnvel þannig á að þið eigið svo bara að vera einhvers konar framkvæmdaraðilar þess sem það vill.“ „Þetta er nú ekkert nýtt“ sagði eldri maður sem sat aftarlega í horni salarins „ það hafa alltaf verið til besservisserar, það hlustar bara enginn á þá og þá komast þeir ekkert áfram með sínar dillur.“ Salurinn hló og kona bætti við „ við höfum okkar ráð“ og fólk nikkaði drýgindalega hvert til annars.

Nú tróð spurningamerkið sér fram fyrir Birtu og hrópaði „ Er ekki allt í lagi með ykkur? Það er verið að vara ykkur við því að hugsanlega sé verið að svipta ykkur völdum og þið takið því eins og ykkur komi það ekki við. Þykist bara vera með öll vopn í ykkar höndum. Haldið þið virkilega að það að neita að horfast í augu við það sem er í gangi efli völd ykkar? Er ekki kominn tími til að viðurkenna fyrir sjálfum ykkur og öðrum að þið eruð nokkuð kvartsár og það kvart og kvein skilar ykkur litlu. Haldið þið virkilega að það að nöldra og í einhverjum tilvikum að reyna að hunsa það sem til er ætlast geri ykkur að valdamiklu afli í samfélaginu?“

„ Hvaða andsk. dóni er þetta eiginlega“ spurði einn fundarmanna og beindi orðum sínum til spurningamerkisins „ hefur þú nokkurn tímann komið nálægt okkar störfum? Nei, ég hélt ekki. Þú veist bara ekkert um hvað þú ert að tala, frekar en besservisserarnir í viskuturninum. Við vinnum okkar störf eins og við kunnum best og leyfum þessu liði sem aldrei hefur difið hendi í kalt vatn að leika sér með sínar rannsóknir eins og það vill. En það káfar sko ekki upp á okkur. Við stöndum saman og pössum upp á okkar, það munuð þið þrjú ekki geta tekið af okkur frekar en nokkur annar.“ Salurinn klappaði og fagnaðarhróp hljómuðu.

Birta var orðin hálf ráðþrota en ákvað þó að reyna að bæta fyrir stórkallaðleg orð spurningamerkisins. „Ég veit að spurningamerkið er ekkert að skafa utan af hlutunum en það hefur rétt á að hafa sína skoðun á sama hátt og þið hafið fullan rétt á að hafa ykkar. Það sem mig hins vegar dreymdi um að gera hér á þessum fundi var að kynna fyrir ykkur það sem ég tel mig hafa lært á ferðalaginu og hugsanlega kynna fyrir ykkur fólk sem ég held að hægt sé að treysta. Mér finnst þið vera soldið fljót að hrökkva í vörn. En eins og ég sagði áðan þá er ég ekki að ásaka ykkur um neitt svo það er alveg óþarfi. En ykkar viðbrögð eru nánast skólabókardæmi um viðbrögð fólks í svipaðri stöðu og þið eruð í.“ „Ertu að gera lítið úr okkar viðbrögðum?“ spurði ung kona. „Nei, hún er ekki að því“ sagði spurningamerkið „bara að reyna að segja ykkur að viðbrögð ykkar hafa mótast af því ástandi sem þið búið við.“ „Fyrirgefiði“ sagði Brenda „má ég aðeins komast að. Mér finnst eins og þið ætlið að skjóta sendiboðann hérna. Áður en þið hlustið á það sem hann ætlar að segja. Það virkar á mig eins og þið séuð skíthrædd um að heyra það sem Birta ætlar að segja“ Brenda gekk fram og aftur um sviðið og hvessti augun út í salinn „þeir sem hafa hugrekki til að horfast í augu við sjálfa sig og takast meðvitað á við líf sitt ættu í það minnsta að sitja hér áfram, ásamt þeim sem hafa áhuga á að heyra aðeins um veröldina sem hrærist fyrir utan

ykkar litla einkaheim. Þeir sem vilja fara í gegnum lífið með bundið fyrir augun geta farið út.“ Birta greip inn í og sagði „ Ég er sannfærð um að þið viljið öll fara í gegnum lífið með fullri meðvitund. Svo ég legg til að við verðum hér öll áfram og þið hlustið á það sem ég hef fram að færa. Mitt markmið er ekki að taka neitt af ykkur eða dæma það hvernig þið vinnið. Mig langar bara til að kynna fyrir ykkur þá mynd sem varð til í mínum huga í þessu ferðalagi mínu. Og segja ykkur hvaða áhrif ég tel að þessar aðstæður hafi á ykkar störf. Þið þurfið ekki að vera sammála mér en við ættum að geta rætt þetta sem jafningjar.

Eftir þetta fékk Birta frið til að segja frá þeim áhyggjum sem hún hefur af því að aðrir en fólkið hennar sé að ráðskast með það. Hún sagði frá vinnubrögðum í viskuturni og áhyggjum sérfræðinganna þar varðandi að það sem þau eru að gera skili sér ekki til þeirra sem málið varðar. Hún sagði frá því að hvernig Jói hefði sagt spurningamerkinu frá því að staða fólksins hennar Birtu líktist einna helst stöðu fólks í þróunarlandi. Þar passa stórfyrirtæki upp á að líf skjör fólksins verði aldrei betri en svo að það eigi fullt í fangi með að sinna sínum daglegu þörfum. Því ef líf þess myndi léttast gæti það fengið tóm til að hugsa og farið að velta fyrir sér hvers vegna allur

auður sé fluttur út úr landinu í stað þess að þau fái að njóta hans. Sú hugsun gæti ógnað gróða stórfyrirtækisins svo það er því í hag að íbúar sumra landa eigi í erfiðri lífsbaráttu því á meðan græða fyrirtækin á auðæfum landanna. „Til ykkar eru gerðar margvíslegar kröfur sem þið hafið ekki undan að uppfylla og náði því varla. Í ykkar störfum eruð þið stöðugt að bregðast við og sjá til þess að hver dagur gangi snuðrulaust fyrir sig, hafið varla tíma til að staldra við og hugsa“ sagði Birta. „Auðæfin sem þið eigið er þekkingin yfir faginu ykkar. Þið þurfið tórn til að hugsa til að geta spurt þeirra spurninga sem skipta máli, en á meðan mokað er í ykkur verkefnum hafið þið ekki ráðrúm til meðvitaðra hugleiðinga um kosti og galla verkefnanna. Á endanum farið þið jafnvel sjálf að kalla eftir tilbúnum leiðbeiningum sem gera ekki aðrar kröfur til ykkar en að þið fylgið þeim“ Birta horfði yfir salinn og fannst sem allir væru að hlusta af áhuga. „Mér finnst mikilvægt að þið séuð meðvituð um að þið þurfið að leggja nokkuð á ykkur til halda auðæfum ykkar í eigin höndum. Það er fjöldi manns sem hefur hug á að skapa sér og sínum sess með því að ná yfirráðum yfir þeim, fólk sem jafnvel hreykir sér af þekkingu sinni á ykkar kostnað“ bætti Birta við. „Þetta er nú ekki alveg svona einfalt“ sagði spurningamerkið. „Þetta er ekki meðvitað, það leggur enginn á ráðin um þetta beint, en það er vissulega hægt að túlka þetta



svona“. „ Kannski snýst þetta að einhverju leyti um traust. Einhverjir eru hugsanlega hættir að treysta því að þið ráðið við yfirráðin í vinnu ykkar og vilja því bjarga því sem bjargað verður með því að moka í ykkur leiðbeiningum og tillögum um réttu aðferðirnar“ bætti Birta við. „ Sú aðferð þeirra eykur hættuna á því að þið hættið að spyrja gagnrýninna spurninga og farið að vinna eins og handbendi annarra“ sagði Brenda. „Réttu svarið hef ég ekki á reiðum höndum en hættan blasir við mér og mín skoðun er sú að það mun enginn annar en þið sjálf vinda ofan af þessu. Þær aðferðir sem þið hafið notað hingað til skila ekki árangri, sýnist mér og því þarf að breyta þeim. Ég get kynnt fyrir ykkur nokkrar, ef þið viljið en ætla að láta þetta duga í kvöld og tel að ég hafi gefið ykkur nóg til að hugsa um í bili“ sagði Birta að lokum.

Það var ekki sérlega hávært lófaklappið sem hjómaði í lok kynningar Birtu en fólk klappaði í það minnsta.

Þegar þrenningin gekk út í nóttina var Birta bara nokkuð sátt. Henni fannst henni hafa tekist ætlunarverk sitt að einhverju leiti. „Þetta var nú bara eins og vakningarsamkoma þarna undir lokin“ sagði spurningamerkið. „Ég vona einmitt að ég hafi vakið einhverja til umhugsunar“ sagði Birta „svo það er nú kannski í lagi.“ Birta sjálf vissi alla vega með hverjum hún vildi vera í

liði í framtíðinni og vonaði að henni tækist að láta vinnubrögð sín einkennast af trausti og virðingu fyrir öðru fólki. „Æ þetta er nú allt saman ansi mikil einföldun eitthvað“ dæsti spurningamerkið til að vera nú örugglega sjálfu sér samkvæmt. „Stundum er alveg óþarfi að flækja málin með gáfulegri orðræðu. Það verður oft til þess að málefnin lokast hreinlega inni í sjálfum sér“ sagði Brenda keik, viss um eigið ágæti.

Birta var soldið beggja blands en taldi líklegt að best væri að til væri fjölbreytt blanda hugmynda og framsetninga sem litið væri á sem jafn réttháar. Henni finnst óþarfi að vera alltaf að setja merkimiðana góður, betri, bestur eða merkilegur, ómerkilegur á allt og alla. „Við erum öll bara skíthræddar manneskur inn við beinið sem glímum við óttann um að missa álit og stöðu ef við förum ekki eftir leikreglum þess hóps sem við tilheyrum“ sagði Birta. „Krafan um að við eigum að falla í hópinn eins og ósýnilegir hlutar heildarmyndarinnar, er óþolandi“ bætti Brenda við hvasst. „En kannski er hún nauðsynleg“ sagði spurningamerkið. Um þetta þráttuðu þau fram eftir nóttu án þess að komast að nokkurri niðurstöðu, en þó einhverju nær um það hvernig skoðun þeirra varð til. Samræðan var góð æfing í að ræða saman og leggja skilning hvers annars í púkk.

## SöguLok

Hér lýkur sögunni af Birtu, Brendu og spurningamerkinu. Þrenningin í sögunni er viss birtingarmynd af sjálfri mér. Henni er ætlað að draga upp mynd af því sem bærst hefur innra með mér varðandi stöðu kennara í samfélagi sem að því er virðist leggur mest upp úr góðum leiðbeiningum til handa kennurum án þess að velta fyrir sér áhrifunum sem það getur haft á fagmennsku kennaranna. Ferðalag og samtöl þremmenninganna er lýsing á því sem ég hef uppgötvað smátt og smátt í yfirferð minni um skrif mín úr eigin hugarheim og tengt skrifum fræðimanna. Ævintýrin sem þau lenda í hafa átt sér stað í mínum reynsluheimi, með eilítið öðrum hætti þó, en eru til.

Í sögunni hefur hænna Brenda það hlutverk að tala rödd þeirra sem vilja losna undan kæfandi oki hefðarinnar og telja að einungis með því að þekkja sjálfan sig finni einstaklingur sína eigin rödd og geti þar með orðið skapandi, sterkar og heiðarlegar manneskjur. Lausar undan valdi þeirra sem virðast vilja steypa aðra í fyrirfram ákveðið mót (Ueland, 1987). Það vald yfir eigin aðstæðum er mikið réttlætismál að mínu mati. Ég ákvað að hafa Brendu hænu þó fæstir líti á þær sem vitsmunaverur enda er ég mjög hrifin af hænum. Þannig undirstrika ég þá skoðun mína að þeir sem ekki eru viðurkenndir sem

sérfræðingar geta stundum haft ýmislegt til síns máls og því sé mikilvægt að hlusta á rödd þeirra. Brenda hefur hvatt mig áfram og aukið mér hugrekki til að vera ég sjálf og fara mínar eigin leiðir. Hún, ásamt Láru (Richardson, 1997) (Richardson, 2005) hefur veitt mér frelsi til að meta sjálf hvaða leið ég vil fara í þessu verkefni ásamt hugmyndafræði starfendarannsókna um rétt hvers einstaklings til að sýna fram á hvernig og hversvegna hann leggur áherslu á sérstaka þætti til að læra af og til að bæta starf sitt með (McNiff, 2002).

Spurningamerkið sem svindlar sér inn í leiðangurinn er tákn þess óumflýjanlega efa sem stöðugt bærir innra með mér og bendir mér á, í tíma og ótíma, að ekki sé alltaf allt sem sýnist og að ég skuli ekki halda að ég sé eitthvað. Það er nauðsynlegt mótvægi við bjartsýnishjali Brendu og líkt og hún, hefur það á stundum hárrétt fyrir sér.

Birta telur valdeflingu skipta máli fyrir fólkið sitt svo það geti aukið svigrúm sitt til athafna og upplifað áhrif sín á eigið líf sterkari.

Í sögunni er einnig vitnað til Whitehead, Hopkins, (1992) og Kincheloe (2006) (Hvíthausinn, Davíð og Jói) ásamt Freire (1999).

## Heimildir

- Hopkins, D. (1992). *A Teacher's Guide to Classroom Research*. Philadelphia: Open University Press.
- Freire, P. (1999). *Pedagogy of the oppressed*. New York: Continuum.
- Kincheloe, J. L. (2006). *Teachers as researchers Qualitative Inquiry as a Path to Empowerment*. New York: Routledge.
- McNiff, J. (2002). *Action research for professional development*. Sótt 23. febrúar 2009 frá Jean McNiff: <http://jeanmcniff.com/booklet1.html> .
- Richardson, L. (1997). *Fields of play: Constructing an Academic life*. New Brunswick: Rutgers University Press.
- Richardson, L. (2005). Writing: A Method of Inquiry. *Handbook of Qualitative Research* (2.útgáfa). Ca: Sage: Thousand Oaks. Bls. 959-978.
- Ueland, B. (1987). *If you want to write*. Minnesota: Gray wolf press.